

Veiði- og fiskræktarfélag Landmannafréttar  
Hjallanesi 2  
851 Hella

Reykjavík, 24. október 2019  
UST201909-177/F.T.  
08.12.02

### **Efni: Samþykkt úrbótaáætlun - Gata**

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 17. september sl. þar sem stofnunin óskaði eftir úrbótaáætlun vegna frávika sem skráð voru í eftirliti dags. 15. ágúst 2019. Stofnuninni hefur nú borist úrbótaáætlun rekstraraðila.

#### **Frávikan eru eftirfarandi:**

1. 6. grein laga 7/1998 um hollustuhætti og og mengunarvarnir, 5. grein reglugerðar 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit og 12. gr reglugerðar 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Til starfrækslu fiskeldisstöðvar þarf gilt starfsleyfi. Öll losun mengandi efna í vatn er óheimil án starfsleyfis. Ekki er í gildi starfsleyfi fyrir reksturinn og því ekki heimild fyrir losun fosfórs í vatn. **Rekstraraðili sótti um starfsleyfi til stofnunarinnar þann 8. maí sl. Stofnunin bendir á að frávikið mun haldast opið þar til starfsleyfi hefur verið gefið út. Rekstraraðila er bent á heimild í 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit þar sem fram kemur að ráðherra sé heimilt að veita undanþágu frá kröfu um starfsleyfi, sé komin fram fullnægjandi starfsleyfisumsókn til útgefanda starfsleyfis.**
2. Gr. 1.4 í samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi. Skrá skal afföll, fóðurnotkun og fóðurgerð. Skráningar skv. uppfærðri gæðahandbók rekstraraðila fullnægja ekki kröfum sem gerðar eru í samræmdum starfsleyfisskilyrðum. **Rekstraraðili hefur nú tekið í notkun nýtt skráningareyðublað sem tilgreinir þau atriði sem stofnunin fer fram á að skráð séu, þ.m.t. magn og tegund fóðurs og afföll. Stofnunin fellst á framangreint og mun taka úrbætur út í næsta eftirliti. Stofnunin bendir þó á að kröfur til skráninga geti breyst samhliða útgáfu nýs starfsleyfis.**
3. Gr. 1.4 í samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi. Rekstraraðili skal gera viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa og neyðaráætlun ef til óvæntrar rekstrarstöðvunar kemur. Viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa vantar og neyðaráætlun er ekki fullnægjandi. **Í uppfærðri gæðahandbók rekstraraðila sem barst stofnuninni 8. október sl. er fjallað um framangreind atriði. Stofnunin fellst á áætlunina og telst fráviku því lokið.**
4. Gr. 2.1, 2.6 og 3.1 í samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi. Frárennsli frá fiskeldi skal forhreinsa áður en það berst í viðtaka, frárennsli sem berst beint í viðtaka skal miða við að lágmarki eins þreps hreinsun. Engin hreinsun var á frárennslinu. Skv. fulltrúa rekstraraðila hefur hreinsivirkri nú verið tekið í

gagnið og er frárennsli forhreinsað. Rekstraraðili hefur sett upp búnað til hreinsunar á frárennsli. Skv. upplýsingum frá rekstraraðila 6. september nk. hefur hreinsunarbúnaður verið tekinn í notkun. Stofnunin óskar eftir myndum af búnaðinum.

**Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.**


Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst



Hulda Soffia Jónasdóttir  
sérfræðingur



Frigg Thorlacius  
lögfræðingur

**Afrit:** Heilbrigðisnefnd Suðurlands